


# Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ársskýrsla 2022

---

18. nóvember 2022

---



## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
SSH .....	4
Stjórn og starfsfólk .....	5
Rekstur SSH .....	6
Helstu verkefni .....	8
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 .....	8
Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 .....	8
Vatnsvernd og vatnsnýting .....	9
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 .....	11
Samgöngusáttmálinn .....	13
Samkomulag um eflingu almenningsgangna .....	13
Byggðasamlögin .....	14
Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu .....	14
Rekstur og stjórnun .....	14
Framkvæmdir á skíðasvæðunum .....	15
Höfuðborgargirðing .....	16
Skoðun samstarfs um sérskóla og þjónustu við fatlaða .....	16
Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið .....	17
Heimilislausir með fjölpættan vanda .....	18
Kynningarmál .....	19
Kynningarfundir .....	19
Ný heimasíða .....	20
Samstarfs- og verkefnahópar .....	21
Formlegar nefndir .....	21
Viðvarandi samstarfshópar .....	21
Stjórnir, nefndir og hópar .....	22

## Formáli

Ársskýrslu þessari, sem er lögð fram á aðalfundi SSH hinn 18. nóvember 2022, er ætlað að gefa yfirsýn yfir meginþætti í starfi samtakanna á liðnu starfsári.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru pólitískur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna sjö sem starfa innan samtakanna. Sem slík hafa samtökin þjónað sem nauðsynlegur vettvangur til umfjöllunar um mikilvæg samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sameiginleg verndun neysluvatns íbúa svæðisins, almenningssamgöngur og samgöngumál innan svæðisins, sameiginleg meðhöndlun og förgun úrgangs, ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk og framkvæmdir á skíðasvæðunum eru dæmi um verkefni sem sveitarfélögin hafa tekist á við sameiginlega á undanförnum misserum. Þessi verkefni hafa kallað á samráð og sameiginlegar ákvarðanir á vettvangi SSH. Þá hafa fulltrúar SSH, aðallega formaður og framkvæmdastjóri, sótt fjölmarga fundi með ýmsum aðilum, s.s. ráðherrum, þingmönnum, starfsfólki ráðuneyta og annarra stofnana svo og fulltrúum annarra landhlutasamtaka.

Á árinu 2021 voru haldnir 17 stjórnarfundir SSH þar sem mörg og fjölbreytt mál voru tekin fyrir. Þá voru haldnir 15 svokallaðir örfundir á vettvangi SSH. Á þeim eru tekin fyrir málefni líðandi stunda og þau verkefni sem SSH vinna að á hverjum tíma. Mikil ánægja mælist meðal kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu með þessa fundi en þeim er ætlað að stofna til virks samtals um verkefni og þau málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Þá hafa, m.a. í kjördæmaviku Alþingis, verið haldnir fundir með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins og öllum kjörnum fulltrúum sveitastjórna um mikilvæg hagsmunamál höfuðborgarsvæðisins. Í tengslum við þetta hafa SSH unnið meira með umsagnir, s.s. við frumvarp til fjárlaga og önnur þau mál sem varða höfuðborgarsvæðið og umræða er um á Alþingi.

Ljóst er að heimsfaraldur Covid-19 hafði áfram áhrif á störf stjórnar SSH á árinu 2021 þó þau hafi ekki verið jafnmikil og á árinu 2020. Vettvangurinn reyndist vel til að fara yfir og samræma viðbrögð við faraldrinum og afleiðingum hans.

Líkt og áður eru framundan frekari áskoranir og mikilvæg verkefni sem áfram kalla á samstarf sveitarfélaganna á vettvangi SSH. Á árinu 2021 var enn unnið að undirbúningi verkefna sem snúa að samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins. Samningaviðræður um endurnýjun samnings frá 2012 um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu hófst á haustmánuðum 2021 og standa enn yfir. Endurnýjun samningsins er hluti Samgöngusáttmálans og órjúfanlegur þáttur hans. Eftirfylgni með Samgöngusáttmálanum verður áfram á vettvangi stjórnar SSH og ljóst að umfangið er með þeim hætti að það mun áfram taka rými í starfsemi samtakanna.

Önnur stór verkefni hafa verið í undirbúningi á vettvangi SSH á undanförunum árum og á árinu 2021. Ber þar hæst uppbyggingu skíðasvæðanna, sameiginleg velferðarmál, úrgangsmál og margþætt sóknaráætlunarverkefni. Gerð er grein fyrir stöðu og gangi þessara verkefna í ársskýrslunni.

Þá er vert að benda á stór viðfangsefni á vettvangi byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs., annars vegar aðlögun á rekstri og leiðakerfi Strætó bs. að þeim breytingum sem verða á komandi árum með tilkomu Borgarlínunnar, og hins vegar þær breytingar sem framundan eru við meðhöndlun og förgun úrgangs. Þá var á árinu unnið áfram að endurskoðun á stjórnsýslu byggðasamlaganna, m.a. með stofnun Stefnumáls byggðasamlaganna og er sú vinna enn í gangi.

Frá árinu 2013 hafa SSH unnið að verkefnum sem tengjast „sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins“ undir hatti sóknaráætlana landshlutanna og notið til þess sérstakra fjárveitinga úr ríkissjóði. Þessi verkefni, sem gerð er sérstök grein fyrir í skýrslunni eiga sér beina skírskotun í þá framtíðarsýn og leiðarljós sem sett hafa verið m.a. fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Á haustmánuðum 2019 var unnið að gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir árin 2020-2024 og undirritaður samningur um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við ríkið fyrir sama tímabil. Ný sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið var síðan samþykkt 6. mars 2020 og hefur verið unnið eftir henni frá þeim tíma m.a. með margþættum áhersluverkefnum á hverju ári.

Mikilvægt er að SSH beini kröftum sínum enn betur og í meira mæli með beinni og markvissari hagsmunagæslu út á við og hafi frumkvæði að samtali og samskiptum við löggjafar- og framkvæmdavald ríkisins um augljósa hagsmuni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Mikið verk er framundan er varðar sameiginleg verkefni SSH og því mikilvægt að styrkja samtökin enn frekar til verka.

Kópavogi 18. nóvember 2022.

f.h. stjórnar SSH

Almar Guðmundsson

formaður stjórnar SSH

## SSH

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) voru stofnuð í Hlégarði, Mosfellshreppi, í apríl 1976 og urðu því 46 ára á árinu.

Upphaflegur tilgangur með stofnun samtakanna var að móta formlegan vettvang til sameiginlegrar umræðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál.

Sjö árum eftir stofnun þeirra fengu samtökin formlega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa síðan starfað á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Markmið samtakanna er:

*„að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og vera sameiginlegur málsvari þeirra.*

*að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

*að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.*

*SSH skal hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem líkleg eru til að stuðla að framgangi ofangreindra markmiða. Með sama hætti skal SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innanlands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.*


*SSH skal standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.*

*SSH er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra byggðasamlaga sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, og sama gildir um önnur hliðstæð verkefni á vegum aðildarsveitarfélaganna s.s. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Nánar verði kveðið á um hlutverk stjórnar SSH og fulltrúaráðs SSH í eigendastefnu byggðasamlaganna.“*



Úr myndasafni Mosfellsbæjar

## Stjórn og starfsfólk



### Stjórn SSH frá júní 2022:

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður stjórnar.

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Þorbjörg Gísladóttir, oddviti Kjósarhrepps.

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri Seltjarnarness

### Stjórn SSH frá 2018 til maí 2022:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður stjórnar 2020-2022.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Karl M. Kristjánsson, oddviti Kjósarhrepps.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

### Skrifstofa SSH, starfsfólk:

Páll Björgvin Guðmundsson, frá apríl 2019, framkvæmdastjóri.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, frá mars 2020, lögfræðingur.

Jón Kjartan Ágústsson, frá janúar 2020, svæðisskipulagsstjóri.

Sandra Björgvinsdóttir frá nóvember 2014, skrifstofuumsjón.

## Rekstur SSH

Rekstur SSH er fjármagnaður með tvennum hætti:

- a) Með árlegu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem leggur hverjum landshlutasamtökum sveitarfélaga til árlegt framlag sem ætlað er til að standa undir kostnaði við tiltekna kjarnastarfsemi. Árlegt framlag Jöfnunarsjóðs er nú um 55% af ráðstöfunartekjum SSH en var áður í kringum 70%.
- b) Með árgjaldi frá aðildarsveitarfélögunum sem ákvarðað er á aðalfundi samtakanna ár hvert. Á árinu 2022 var árgjaldið 139 kr. á hvern íbúa.



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er vistað hjá SSH samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaganna. Sveitarfélögin greiða sérstaklega kostnað vegna þessa, þ.e. laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar, hlutdeild í rekstri skrifstofu SSH auk sérgreinds verkefnaframlags vegna tilfallandi verkefna sem tengjast rekstri svæðisskipulagsins. Þá er öll verkefnastýring og umsýsla sóknaráætlunar, þ.m.t. áhersluverkefna hennar, vistuð hjá SSH.

SSH hafa að auki verið falin verkefnaleg og fjárhagsleg umsjón margvíslegra verkefna sem ekki rúmast innan hefðbundinna verkefna þeirra. Í þeim tilfellum innheimta SSH sérstaklega kostnað vegna slíkra verkefna hjá aðildarsveitarfélögunum. Sem dæmi má nefna að á árunum 2019 og 2020 hélt skrifstofa SSH utan um fjármál Samgöngusáttmálans að því er varðaði framlög sveitarfélaganna og fjárhagslega umsýslu undirbúnings Borgarlínu. Þá hefur verkefnastjórnun framkvæmda á skíðasvæðunum verið vistuð hjá SSH.

Á árinu 2022 hafa tvö verkefni, og verkefnastjórar þeirra, verið hýst hjá SSH. Um er að ræða verkefni um Áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið annars vegar og hins vegar verkefni um heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

SSH vinna markvisst að eflingu og styrkingu upplýsingakerfa og skilvirku upplýsingaflæði milli SSH og kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna. Aðlögun að ONE fundakerfi og gagnagátt þar sem fundaskjöl eru aðgengileg viðkomandi aðilum með rafrænum hætti hefur gengið vel en kerfið var tekið í notkun haustið 2021. Markmiðið er fyrst og fremst að bæta aðgengi og gagnaöryggi til mikilla muna. Frá árinu 2015 hafa öll mál verið skráð í rafræna málaskrá til að tryggja yfirsýn og rekjanleika.

Ný vefsíða SSH fer fljótlega í loftið en vinna við uppsetningu hennar á grundvelli ítarlegrar þarfagreiningar hefur staðið yfir á árinu 2022. Áhersla er lögð á gott aðgengi og að vefsíðan gefi glögga mynd af yfirgripsmiklum verkefnum samtakanna.

Fundaaðstaða SSH að Hamraborg 9, Kópavogi stendur opin fyrir alla þá verkefna- og starfshópa sem vinna að sameiginlegum verkefnum á vegum sveitarfélaganna.



Úr myndasafni Hafnarfjarðarkaupstaðar

Tafla 1 sýnir þróun á tekjum og rekstrarkostnaði kjarnastarfsemi SSH samkvæmt ársreikningi 2017-2021 og áætlun ársins 2022.

**Tafla 1: Rekstur kjarnastarfsemi SSH 2017 – 2022**

	Ársreikn 2017	Ársreikn 2018	Ársreikn 2019	Ársreikn 2020	Ársreikn 2021	Áætlun 2022
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Árgjöld aðildarsveitarfélaga .....	-9.760	-11.124	-15.976	-24.469	-27.435	-33.000
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	-30.626	-32.636	-33.345	-32.984	-33.677	-37.600
Aðrar tekjur .....	-2.435	-2.721	-2.721	0	0	0
	<b>-42.821</b>	<b>-46.481</b>	<b>-52.042</b>	<b>-57.453</b>	<b>-61.112</b>	<b>-70.600</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	24.120	26.258	31.420	39.468	45.786	49.363
Húsnæðiskostnaður .....	4.923	6.116	9.015	4.815	6.739	7.162
Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. ofl. ....	9.328	9.857	10.605	7.873	9.104	20.773
	<b>38.371</b>	<b>42.231</b>	<b>51.040</b>	<b>52.156</b>	<b>61.629</b>	<b>77.298</b>
Hlutdeild sv.sk.lags /sóknaráætlunar	-6.000	-7.000	-7.000	-5.000	-5.000	-6.880
Nettó rekstur skrifstofu .....	<b>32.371</b>	<b>35.231</b>	<b>44.040</b>	<b>47.156</b>	<b>56.629</b>	<b>70.418</b>
Niðurstaða f. verkefnakostnað	-10.450	-11.250	-8.002	-10.297	-4.483	-182
Verkefnakostnaður .....	8.845	8.026	7.634	11.614	9.718	13.500
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	-1.605	-3.224	-368	1.317	5.235	13.318
Fjármagnsliðir:	<b>-889</b>	<b>-562</b>	<b>-1.908</b>	<b>-528</b>	<b>241</b>	<b>-100</b>
<b>Niðurstaða tímabilsins .....</b>	<b>-2.494</b>	<b>-3.786</b>	<b>-2.276</b>	<b>789</b>	<b>5.476</b>	<b>13.218</b>

SSH hafa umsjón með margvíslegum verkefnum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi samtakanna. Í töflu 2 er gerð grein fyrir þessum verkefnum, rekstri og fjármögnun þeirra.

**Tafla 2: Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2021**

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Viðhald girdinga	Almennings samgöngur	Vatnsvernd	Stjórnsýsla	Önnur verkefni	Samtals 2021
<b>Innheim vegna verkefna</b>								
Hlutdeild ríkissjóðs .....		42.707.135						42.707.135
Verkefnafé sveitarfélaga .....	23.618.643							23.618.643
Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas. ....	5.000.000				17.840.216	6.268.576		29.108.792
Vegagerðin v. sam.um eflingu almennings- ...				906.000.000				906.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs .....	7.435.896							7.435.896
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs) .....	( 9.514.185 )							( 9.514.185 )
	<b>26.540.354</b>	<b>42.707.135</b>	<b>0</b>	<b>906.000.000</b>	<b>17.840.216</b>	<b>6.268.576</b>	<b>0</b>	<b>999.356.281</b>
<b>Kostnaður vegna verkefna</b>								
Laun og tengd gjöld .....	18.793.520							18.793.520
Annar rekstrarkostnaður .....	204.545	2.407.539						2.612.084
Gjaldfært framlag sveitarfél. til Sóknaráætlunar ....		5.000.000						5.000.000
Verkefniskostnaður .....	3.768.340	40.299.596	2.755.562	906.000.000	17.840.216	7.617.553	613.487	978.894.754
Verkefnastjórnun v. sóknaráætlunar .....	( 1.226.051 )							( 1.226.051 )
Hlutdeild .....	5.000.000							5.000.000
	<b>26.540.354</b>	<b>47.707.135</b>	<b>2.755.562</b>	<b>906.000.000</b>	<b>17.840.216</b>	<b>7.617.553</b>	<b>613.487</b>	<b>1.009.074.307</b>
Verkefnakostnaður SSH	0	5.000.000	2.755.562	0	0	1.348.977	613.487	9.718.026

# Helstu verkefni

## Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040

Gildandi svæðisskipulag: Höfuðborgarsvæðið 2040, var undirritað 2015 og er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru.



Verkefni tengd framfylgd svæðisskipulags hafa verið fyrirferðarmikil í starfi SSH á liðnum árum. Þar ber hæst undirritun samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga árið 2019 um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára og stofnun Betri samgangna árið 2020 sem hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna Samgöngusáttmálans.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fundaði níu sinnum á tímabilinu nóvember 2021 til október 2022 og tók fyrir um 70 erindi sem henni bárust. Ný svæðisskipulagsnefnd tók til starfa í ágúst 2022 í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.

## Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024


Lykilatriðið í framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Með þróunaráætlun er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis, samgönguframkvæmdir, auk annarra aðgerða til að ná fram markmiðum svæðisskipulags um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Þróunaráætlun hefur einnig það gildi að miðla upplýsingum um uppbyggingaráform út í samfélagið. Gildandi þróunaráætlun var afgreidd í byrjun árs 2021. SSH hafa umsjón með gerð þróunaráætlunar.

Í byrjun árs fól svæðisskipulagsnefnd SSH að gera stöðutöku á þróunaráætlun og taka saman nýja úttekt á fjölda íbúða í samþykktu skipulagi sveitarfélaganna. VSÓ var ráðin til verksins í samstarfi við skipulagsstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Úttektin var afhent svæðisskipulagsnefnd í mars 2022 en helstu niðurstöður voru:

- Samþykktar íbúðir (lóðir) í skipulagi sveitarfélaganna eru fleiri en 14.000, sem er nokkur aukning frá síðustu talningu árið 2020.
- Í skipulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru áætlaðar yfir 58 þúsund íbúðir innan núverandi vaxtamarka sem jafngildir heimili fyrir um 148.000 nýja íbúa.
- Fólksfjölgun hefur verið yfir meðallagi og hlutfall svæðisins af landinu öllu hefur aukist undanfarin 20 ár úr 61% í 64%.
- Verði fólksfjölgun sambærileg og verið hefur eru líkur á að nýjum íbúðum fjölgi hlutfallslega hraðar en íbúum sem ætti að draga úr spennu á húsnæðismarkaði. Verði hins vegar fólksfjölgun enn meiri dregur hægar úr spennu en ella.
- Hækkandi húsnæðisverð og sögulega lítið framboð íbúða í sölu vekur upp spurningar hvers vegna ekki eru fleiri íbúðir í byggingu miðað við þann fjölda sem er í samþykktu deiliskipulagi sveitarfélaganna og er mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að lausn þeirra mála, með það fyrir augum að þróun byggðar sé sjálfbær til framtíðar.

Svæðisskipulagsnefnd hefur samþykkt að endurtaka stöðumat í byrjun árs 2023.





Kort úr þróunaráætlun sem sýnir íbúðaruppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu yfir tímabilið 2020 - 2024 samhliða uppbyggingu Borgarlínu.

## Vatnsvernd og vatnsnýting

### *Samráðhópur um vatnsvernd- og vatnsnýtingu*

Hópurinn skipa formaður svæðisskipulagsnefndar, formaður framkvæmdastjórnar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúar frá vatnsveitum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hópsins er: að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og verkefnum sem henni tengjast á hverjum tíma; að tryggja samstillingu þeirra aðila sem bera ábyrgð á vatnsvernd og vatnsnýtingu innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins, m.a. í samræmi við lögboðnar skyldur sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlits og veitna. Hópurinn fundar mánaðarlega á vettvangi SSH undir hatti svæðisskipulags.


### *Rannsóknarborholur í Bláfjöllum*

Verkefnið á upphaf sitt í samkomulagi sveitarfélaganna í maí 2018 um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og mótvægisáðgerðum vegna vatnsverndar sem m.a. felur í sér fjölgun á rannsóknarborholum og rýni á grunnvatnslíkani og tillögur að grunnvatnsrannsóknnum. Stefnt var að því að fara í útboð og framkvæmdir á árinu 2022 en vegna tafa vegna leyfismála er gert ráð fyrir að framkvæmdir fari fram á árinu 2023.

### *Grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins*

Helsta verkefni samráðshóps er umsjón með grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er hýst hjá ráðgjafarstofunni Vatnaskilum og gegnir lykilhlutverki í framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er í stöðugri endurskoðun með gagnasettum sem eru sótt m.a. í vatnamæla sem eru í borholum á höfuðborgarsvæðinu. Nýjar rannsóknarholur

eru liður í að styrkja grunn vatnafarslíkansins sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. Kostnaður vegna viðbótargrunnrannsóknna skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.



Kort úr framgönguskýrslu fyrir árið 2021 sem sýnir vatnsból við Gvendarbrunna, Jaðar og Myllulæk og mæliholur sem nýtast við gagnaöflun fyrir uppfærslu grunnvatns- og rennislíkans.

## Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024

Hinn 6. mars 2020 samþykkti stjórn SSH sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2020–2024. Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat höfuðborgarsvæðisins, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum.


Verkefnið er hluti af sóknaráætlun landshluta, en tekur jafnframt mið af þeirri stefnu og framtíðarsýn sem kemur fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015–2020.

Hluti af framfylgd sóknaráætlunar er að vinna að ákveðnum áhersluverkefnum fyrir hvert ár yfir tímabilið. Áhersluverkefni eru samþykkt af stjórn SSH og stýrt af SSH í samstarfi við sérstaka ráðgjafa og/eða verkefnastjóra. Á heimasíðu SSH er að finna ítarlegar upplýsingar um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og verkefni sem unnin hafa verið undir hatti hennar. Vefslóð [www.ssh.is/soknaraaetlun](http://www.ssh.is/soknaraaetlun).

Á árinu 2021 - 2022 hefur verið unnið að eftirfarandi áhersluverkefnum sóknaráætlunar sem voru samþykkt á 535. stjórnarfundi SSH 17. janúar 2022

- **Nýsköpunarverkefni á sviði velferðar og samfélags annars vegar og umhverfis og samgangna hins vegar.** Markmið styrkveitinga til slíkra verkefna er að hvetja til þátttöku atvinnulífsins og styðja við verkefni sem tengja saman atvinnulíf og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og efla samstarf þeirra.
- **Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur.** Rekstur á vefsíðunni [www.investinreykjavik.com](http://www.investinreykjavik.com) þar sem boðið er upp á upplýsingar um höfuðborgarsvæðið sem fjárfestingarvalkost.
- **Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu.** Verkefninu er ætlað að auka samstarf, stuðla að samræmingu, deila reynslu og þekkingu milli fagaðila, ásamt því að skoða fýsileika þess að vinna að samræmdri stefnumörkun innan málaflokksins.
- **Kynning og miðlun niðurstaðna sóknaráætlunar.** Verkefnið miðar að því að upplýsa kjörna fulltrúa sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins, lykilstarfsfólk og aðra hagaðila og sérfræðinga um áherslur, niðurstöður og stöðu verkefna Sóknaráætlunar. Einnig verður framsetning upplýsingagjafar um stöðu verkefna bætt á nýrri vefsíðu SSH.
- **Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur.** Skoðað verði að gera samkomulag milli ríkis (ríkisstofnana) og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn í málaflokkum landnotkunar, húsnæðis og samgangna, að finnskri fyrirmynd..
- **Þróunar- og forvarnarverkefni í samstarfi með Fjölsmiðjunni.** Ætlunin er að styðja við og þróa úrræðið „Fimm leiðir að vellíðan“, sem er ætlað að þjálfa nema Fjölsmiðjunnar í að taka farsælar ákvarðanir í lífinu, þróa skráningar á framförum hjá nemum og vinna úr skráningum til að meta betur árangur af verkefninu.
- **Dregið úr förgun rafúrgangs.** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti veitir aukaframlag fyrir árið 2022 til að styðja við verkefni sem varða hringrásarhagkerfið. Verkefnið varðar viðgerðir á rafúrgangi sem annars hefði verið fargað. Unnið í samstarfi við Sorpu.
- **Mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.** Tvíþætt verkefni sem hófst 2020 með mælingu kolefnisfótspors svæðisins og lýkur með mótun sameiginlegrar loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið. Tillaga að stefnu var kynnt í janúar 2022 og endanleg tillaga lögð fram til umsagnar veturinn 2022.
- **Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.** Verkefni sem felur í sér að framleiða eitt sameiginlegt kort af útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu, meta innviðþörf á útivistarsvæðum þar sem notkun er mikil og leggja fram tillögur að tækifærum til úrbóta til sveitarfélaganna.
- **Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.** Framhald verkefnis frá 2020. Starfshópur tæknifólks frá sveitarfélagunum og Sorpu lögðu fram tillögu að samræmdu kerfi í byrjun árs 2022 og sveitarfélögin skrifuðu undir yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf í mars 2022. Innleiðing mun hefjast 2023.


Ofangreind verkefni eru nú öll á vinnslustigi og ganga samkvæmt áætlunum þar um.



Stór þáttur í starfsemi og verkefnum SSH er umsjón með áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Verkefnin eru eftir atvikum unnin með aðkomu utanaðkomandi verkefnastjóra. Framlag til verkefnanna er að stærstum hluta fjármagnað úr ríkissjóði en einnig með framlagi SSH, sem nemur um 17% af framlagi ríkisins ár hvert.

**Tafla 2: Yfirlit yfir sóknaráætlunarverkefni á vegum SSH 2013-2020**

Sóknaráætlun	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
<b>Verkefni:</b>									
Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins	1.322	8.466							
Nýsköpun	7.959	7.406							
Skattalegt umhverfi	763	1.981							
Framtíð samgangna	10.055	215							
Ferðabjónusta	1.833	3.290							
Skapandi greinar og græna hagkerfið	1.695	2.284							
Vísindagarðar og þekkingargreinar	775	2.089							
Lítil og meðalstór fyrirtæki	2.006	1.724							
Vörumerkið Reykjavík og markaðssetning	1.983	5.881							
Gæði skólustarfs ofl	9.581	7.330							
Borgarlína	-	3.563	13.681	17.586	30.900	6.720	616		
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	-	-	3.127	6.521	3.740	1.427	4.677	727	
Markaðssetning gagnvert erl. fjárfestum	-	-	3.117	9.580	11.173	10.229	5.004	4.121	5.058
GERT -Aukin þekking á tækninámi i grunnsk.					2.000	2.000	2.000		
Velferðatækni						8.442	10.320	1.808	
Smart cities						1.765	-		
Ferðabjónusta nýsköpunarverkefni								3.269	5.455
Forvarnir á tímum Covid-19								3.200	3.869
Stafræn þjónusta								2.780	220
Meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsv.								4.089	5.916
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsv.								980	5.820
Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsv.									4.627
Ratsjá fyrir ferðabjónustu á höfuðborgarsv.									3.550
Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu									4.807
Annar verkefnakostnaður	2.387	1.264	1.000	1.041	1.000	2.209	2.000	2.829	384
<b>Heildarkostn.a v. sóknaráætl.verkefna</b>	<b>40.359</b>	<b>45.493</b>	<b>20.925</b>	<b>34.728</b>	<b>48.813</b>	<b>32.792</b>	<b>24.617</b>	<b>23.803</b>	<b>39.706</b>
<b>Fjármögnun:</b>									
Framlög Ríkissjóðs	40.359	39.489	20.925	32.855	22.900	25.362	25.534	25.000	37.500
Framlög SSH og sveitarfélaganna	-	6.004	-	1.873	25.913	7.430	4.622	5.000	5.000
Ónotað verkefnafé							(5.539)	(6.197)	(2.794)
<b>Samtals</b>	<b>40.359</b>	<b>45.493</b>	<b>20.925</b>	<b>34.728</b>	<b>48.813</b>	<b>32.792</b>	<b>24.617</b>	<b>23.803</b>	<b>39.706</b>



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

## Samgöngusáttmálinn

Hinn 26. september 2019 var Samgöngusáttmálinn, samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, undirritaður. Markmið sáttmálans eru: að stuðla að greiðari samgöngum og fjölbreyttum ferðamátum með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta, að stuðla að loftslagsmarkmiðum ríkis og sveitarfélaga um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningssamgangna og deiliahagkerfis í samgöngum, bættum innviðum fyrir vistvæna samgöngumáta og hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta, að stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum, og að tryggja skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.

Betri samgöngur ohf. var stofnað haustið 2020, en tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og hafa yfirumsjón með framkvæmdum Samgöngusáttmálans og fjármögnun þeirra. Er félaginu þá falið að annast þróun Keldnaland, sem er hluti af framlagi ríkisins til sáttmálans, og að annast innheimtu flýti- og umferðargjalda verði ákveðið með lögum að leggja þau á. Um opinbert hlutafélag, sem er í 75% eigu ríkisins og 25% eigu sveitarfélaganna er að ræða. Stjórn félagsins er skipuð sex einstaklingum, þremur frá ríki og þremur frá sveitarfélögum. Það er stjórn SSH sem fer með eigendaumboð sveitarfélaganna.

Sérstakan stýrihópur vegna verkefnisins, en honum er m.a. ætlað að fjalla um ágreining sem komið getur upp í samskiptum ríkis eða sveitarfélaga við félagið um túlkun ákvæða eða forsendna sáttmálans eða um fjármögnun eða ráðstöfun fjármuna, skipa borgarstjóri Reykjavíkur, formaður og varaformaður stjórnar SSH, forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Frekari upplýsingar um Betri samgöngur ohf. og stöðu einstakra framkvæmda er að finna á [www.betrisamgongur.is](http://www.betrisamgongur.is) en einnig hefur verið leitast við að kynnar stöðu verkefna Samgöngusáttmálans fyrir kjörnum fulltrúum á sérstökum kynningarfundum, sem bæði hafa verið haldnir á vettvangi SSH og í samstarfi Betri samgangna ohf. og Vegagerðarinnar.

## Samkomulag um eflingu almenningssamgangna

Með bréfi dags. 2. september 2021 óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir tilnefningu SSH á þremur aðilum í starfshóp sem átti að vinna tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna en fyrra samkomulagi var markaður gildistími frá 2012-2022. Samningaviðræður ríkis og sveitarfélaga hafa staðið yfir óslitið síðan og eru vonandi á lokastigum.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

## Byggðasamlögin

Í starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2020 var ákveðið að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi (Strategía) var fenginn til að vinna úttekt og skýrslu varðandi skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu. Að lokinni kynningu og umfjöllun um skýrsluna var ákveðið að koma á fót starfshópi kjörinna fulltrúa til að vinna áfram að verkefninu. Lagði hópurnir til að Stefnumót byggðasamlaga yrði komið á fót og því falið að útfæra og móta tillögur að framtíðarsviðsmyndum og rekstrarfyrirkomulagi byggðasamlaganna. Stjórn SSH féllst á þá tillögu og var skrifstofu SSH falið að vinna drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til að festa hlutverk stefnuráðs í sessi. Stefnumót er skipað 21 fulltrúa, þ.e. þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi utan Reykjavíkur, sem á fimm fulltrúa í ráðinu.



Fyrsti fundur stefnuráðs var haldinn hinn 22. nóvember 2021 og hefur ráðið fundað alls fjórum sinnum. Þá var stefnuþing, sem opið er öllum kjörnum fulltrúum höfuðborgarsvæðisins, jafnframt haldið 22. nóvember 2021. Meðal þess sem hefur verið til umræðu eru verkefni byggðasamlaganna Sorpu bs. og Strætó bs. og verkefni sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála, sem fyrirséð er að taki nokkrum breytingum með nýrri löggjöf, og hvernig þeim verkefnum verði best fyrir komið. Þá hafa frá árinu 2020 verið haldnir þó nokkrir kynningar- og umræðufundir um verkefnið fyrir kjörna fulltrúa. Er verkefnið því, með breiðri aðkomu kjörinna fulltrúa, enn í fullum gangi og er stefnt að því að 5. fundur stefnuráðs verði haldinn í desember 2022.

Enn sem komið er hefur umrætt verkefni þó ekki leitt til gagnberra breytinga á stjórnsýslu byggðasamlaganna og eru því enn haldnir reglulegir eigendafundir Strætó bs. og Sorpu bs. á vettvangi SSH. Byggir sú tilhögun á sérstökum eigendastefnum byggðasamlaganna Sorpu bs. og Strætó bs. sem voru samþykktar á árinu 2013, í kjölfar stjórnsýsluúttektar. Handhafar eigendavalds eru þar tilgreindir og samkvæmt eigendastefnunum er gert ráð fyrir að sameiginleg umræða eigenda um málefni þessara byggðasamlaga fari fram á sérstökum eigendafundum handhafa eigendavalds byggðasamlaganna, þ.e. framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, stjórn byggðasamlaganna og framkvæmdastjóra. Ekki hefur verið mótuð eigendastefna eða eigendavettvangur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. en í stjórn þess sitja framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna.



## Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu

### Rekstur og stjórnun

Hinn 1. janúar 2022 tók nýr samstarfssamningur sveitarfélaganna um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins gildi, en eldri samningur þeirra rann út á sama tíma. Við gerð hins nýja samnings, en hann var unninn á vettvangi SSH með aðkomu Samstarfsnefndar skíðasvæðanna og í kjölfarið sendur sveitarfélögunum til afgreiðslu, var leitast við að skýra verkferla og hlutverk aðila sem koma að rekstri skíðasvæðanna. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna, sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju aðildarsveitarfélagi skíðasvæðanna, hefur m.a. það hlutverk að móta tillögur um stefnu og starfs- og fjárhagsáætlun Skíðasvæðanna, og að hafa eftirlit með rekstri þeirra.



Rekstur svæðanna, svo sem er varðar starfsmannahald, fjárreiður og bókhald er svo í höndum ÍTR samkvæmt sérstökum þjónustusamningi þar um. Það eru svo fulltrúar í stjórn SSH hverju sinni sem skipa eigendavettvang skíðasvæðanna. Eigendavettvangur fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun skíðasvæðanna og önnur mál sem varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem falla utan samþykktara áætlana.

## Framkvæmdir á skíðasvæðunum

Haustið 2017 fór af stað vinna hjá Samstarfsnefnd skíðasvæðanna við mótun framtíðarsýnar skíðasvæðanna en þörf var talin orðin á því að endurnýja lyftukost svæðanna og huga að snjóframleiðslu. Tillögur lágu fyrir í lok árs 2017 og var fylgt eftir með kynningum í öllum bæjarráðum í mars 2018.

Á fundi sínum hinn 5. mars 2018 samþykkti stjórn SSH, sem er eigendavettvangur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, að skipa sérstakan verkefnahóp til að undirbúa tillögu að aðgerða- og framkvæmdaáætlun á grundvelli áður nefndrar vinnu við framtíðarsýn á uppbyggingu og rekstri skíðasvæðanna. Hópurinn hefur verið starfræktur síðan, samkvæmt upphaflegu erindisbréfi og viðauka við það, sem var samþykktur á fundi stjórnar SSH hinn 2. mars 2020.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu framkvæmdastjórar þeirra sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem reka Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Verkefnahópurinn hefur eftirlit með þessum framkvæmdum en jafnframt var ráðinn sérstakur verkefnastjóri vegna þeirra.

Þrjár viðaukar hafa síðan verið gerðir við samkomulagið, Viðauki I dags. 6. mars 2020, Viðauki II dags. 24. febrúar 2021, og Viðauki III dags 5. maí 2022 en með þeim voru m.a. gerðar uppfærslur á upphaflegri kostnaðar- og tímaáætlun verkefnisins, en þær röskuðust eitthvað, m.a. vegna áhrifa Covid-19.

Verkefnið gengur samkvæmt áætlun og er skíðalyftan Gosi nokkurn vegin tilbúin til notkunar. Þá fyrséð að skíðalyftan Drottning verði tilbúin til notkunar í lok janúar 2023, en upphaflega var ekki gert ráð fyrir afhendingu hennar fyrr en haustið 2023. Þá hafa útboð vegna annars vegar kaupa á snjóframleiðslubúnaði og hins vegar vegna borunar vinnsluholu fyrir snjóframleiðslu farið fram en gert er ráð fyrir því að snjóframleiðsla í Bláfjöllum hefjist á árinu 2023. Þá hefur einnig verið hugað að bættari aðstöðu fyrir gönguskíðaiðkun og er gert ráð fyrir að nýtt salernishús á suðursvæði Bláfjalla verði tilbúið til notkunar í lok nóvember 2022.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

## Höfuðborgargirðing

Frá árinu 1987 hafa SSH annast um rekstur og viðhald á fjárheldri girðingu um höfuðborgarsvæðið, en hún var lögð að frumkvæði samtakanna. Lausaganga búfjár er bönnuð innan girðingarinnar, og markmið með henni er að koma í veg fyrir ágang og ónæði vegna búfjár í útjaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu.

Bæði er um að ræða tilfallandi viðhaldsaðgerðir, t.a.m. ef rof kemur á girðinguna, en einnig getur verið nauðsynlegt að ráðast í umfangsmeiri endurnýjun á girðingunni og er það metið á hverju vori.



Úr myndasafni SSH

## Skoðun samstarfs um sérskóla og þjónustu við fatlaða

Á vettvangi Skólamálanefndar SSH stendur nú yfir, með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa, skoðun á því hvort fýsilegt sé að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér samstarf um uppbyggingu sérskóla á grunnskólastigi.

Sambærileg skoðun stendur yfir á vettvangi Samráðshóps SSH á sviði velferðarmála varðandi fýsileika samstarfs er varðar þjónustu við fatlað fólk með miklar og langvarandi stuðningsþarfir.

Ákvörðun um framangreind verkefni var tekin á 537. fundi stjórnar SSH hinn 7. mars 2022 og samþykkt að kostnaður við ráðgjöf, allt að 750.000 kr. vegna hvors verkefnis, væri fjármagnaður af verkefnið fjárhagsáætlunar SSH.



Úr myndasafni Kjósarhrepps



## Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

Undanfarið tvö ár hefur verið unnið að því að byggja upp samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á sviði ferðaþjónustu. Verkefnið hófst formlega í febrúar árið 2021 þegar það var áhersluverkefni í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Byrjað var að greina og móta hvernig samstarfi um ferðamál skyldi háttað.

Í framhaldi af því gerðu sveitarfélögin með sér samkomulag um næstu skref verkefnisins. Þar kemur fram að „*Tilgangur þessa samnings er að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.*“



### Voru markmið samningsins eftirfarandi:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19.

### Verkefni samráðsvettvangs árið 2022 voru:

- Að vinna áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn og aðgerðaráætlun (til 3-5 ára).
- Að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn.
- Að móta og byggja upp samstarfið.
- Að byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki.
- Að undirbúa stofnun áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Til að vinna að þessum markmiðum var Björn H. Reynisson ráðinn verkefnastjóri verkefnisins til eins árs í janúar 2022.

Á 1. stefnuráðsfundi sem haldinn var 25. mars 2022 var ákveðin framtíðarsýn Áfangastaðarins höfuðborgarsvæðis samþykkt. Þar eru undirstrikuð fjögur lykilatriði sem séu leiðandi í þeim aðgerðum og markaðsetningu sem áfangastaðurinn leggur áherslu á. Þau eru eftirfarandi:



Í maí 2022 var óskað eftir aðgerðaráætlun sveitarfélaganna fyrir áfangastaðaáætlun. Þar eru sveitarfélögin beðin um að tilgreina þau verkefni sem skulu unnin og tengjast ferðabjónustu í viðkomandi sveitarfélagi. Er þessum upplýsingum ætlað að verða hluti áfangastaðaáætlunar.

Á fundi stjórnar SSH hinn 3. október 2022 var bókun ákvörðun um að leggja til við sveitarfélögin að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði stofnuð og taki til starfa frá og með næstu áramótum. Starfsemin verði byggð upp á árinu 2023 og verði komin í endanlega starfsemi í upphafi árs 2024 sbr. tillögur fyrirbyggjandi rekstrargreiningar KPMG.

## Heimilislausir með fjölþættan vanda

Verkefni í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFÞ).

### Tilurð og markmið verkefnis HMFÞ

Á vormánuðum 2022 var tekin ákvörðun um að ráða verkefnastjóra til hálfis árs til þess að gera úttekt á stöðu heimilislausra í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Að verkefninu standa Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Markmið verkefnisins er að greina hóp þeirra einstaklinga sem eru í brýnni húsnæðisþörf og með miklar og flóknar þjónustuparfir. Eins fellst verkefnið í því að greina þau húsnæðisúrræði sem fyrir hendi eru í sveitarfélögunum og gerð tillagna að úrbótum til að mæta þjónustubörf þeirra einstaklinga sem teljast til markhóps verkefnisins. Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir er verkefnastjóri þessa verkefnis og tók hún til starfa 1. ágúst 2022.



### Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

Málefni heimilislausra hafa verið í brennidepli undanfarin misseri bæði hér og landi og erlendis. Evrópuþingið hefur til að mynda sett það sem markmið að ríki innan Evrópusambandsins vinni að því, á heimavelli, að útrýma heimilisleysi fyrir árið 2030.

Hugtakið heimilisleysi hefur breiða skírskotun og því hefur verið leitast eftir því við stefnumótun og áætlanagerð fyrir málaflokkinn að afmarka hugtakið og þann hóp sem fellur þar undir enn frekar. Í því verkefni sem hér um ræðir er áhersla lögð á að skoða sérstaklega stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Er þar átt við þann hóp heimilislausra sem er hvað verst staddur, er upp á neyðargistingu kominn og í brýnni þörf fyrir húsnæði og sértæka þjónustu. Eins og kemur fram í stefnu málaflokksins hjá Reykjavíkurborg 2019-2025 einkennist hópurinn af því að hafa af mismunandi ástæðum misst færni til að halda heimili og eiga fastan samastað. Geðrænn vandi og/eða fíknivandi einkenna einnig hópin auk þess sem oft er um að ræða mikil líkamleg veikindi, sögu um áföll og félagslega erfiðleika. Hópurinn sem um ræðir er jaðarsettur í samfélaginu.

### Staða verkefnisins

Vinna við verkefnið hófst í ágúst 2022 og er markaður tími til janúarloka 2023. Mikil könnunarvinna hefur verið unnin og m.a. hefur verið rætt við aðila frá mörgum þeirra félagasamtaka sem unnið hafa ötult starf í þágu heimilislausra um langt skeið. Einnig hefur verið leitað til Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga eftir samráði. Á þessu stigi er ljóst að þjónusta við hópin kallar á fjölbreytt úrræði með lágþröskuldaþjónustu þar sem hindranir eru fjarlægðar í þeim tilgangi að auðvelda einstaklingum að nýta sér þjónustuna.

Nýlega var sett upp ráðgjafarteymi fyrir verkefnið en í því sitja fulltrúar allra þeirra sveitarfélaga sem standa að verkefninu. Teyminu er ætlað að vera til ráðgjafar og nýstast sem samráðsvettvangur í málefnum heimilislausra og verður mikilvægur hlekkur í því að halda áfram því starfi sem nú er hafið við að móta og bæta þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

# Kynningarmál

## Kynningarfundir

SSH standa reglulega fyrir kynningar- og umræðufundum fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu, og eftir atvikum aðra aðila, eins og lykilstarfsfólk sveitarfélaganna í hlutaðeigandi málaflokkum og þingmenn höfuðborgarsvæðisins.

Á fundunum eru þau málefni sem eru efst á baugi kynnt og tekin til umræðu. Fundirnir eru almennt í fjarfundaformi og stefnt er að því að hver fundur sé aðeins klukkustundar langur. Þessir fundir hafa verið vel sóttir og er almenn ánægja með þá, en síðan núverandi fyrirkomulag þeirra var tekið upp hafa verið haldnir fundir til kynningar á eftirfarandi:



### 2020

**Byggðasamlögin:** Kynningarfundir og vinnustofur vegna verkefnis um stjórnarsýslu byggðasamlaganna sem nánar er fjallað um í sérstökum kafla um byggðasamlögin. Þá voru fjárhagsáætlanir Sorpu bs., Strætó bs., og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins kynntar sérstaklega.

**Fjármál sveitarfélaganna:** Örráðstefna um fjármál sveitarfélaga á tímum Covid-19.

**Frumdrög Borgarlínu:** Kynning á frumdrögum Borgarlínu haldin í samstarfi við Betri samgöngur ohf. og Vegagerðina.

**Samgöngusáttmálinn:** Kynningar- og umræðufundur um stöðu og framgang verkefna Samgöngusáttmálans.

**Skilavegir:** Upplýsingafundur um stöðu samninga við ríkið vegna yfirfærslu skilavega.

### 2021

**Áhersluverkefni sóknaráætlunar:** Kynningar- og umræðufundur um verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.

**Samræming úrgangsflokkunar:** Tveir kynningar- og umræðufundir um samræmingu úrgangsflokkunar og leiðina að hringrásarhagkerfinu voru haldnir á árinu.

**Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins:** Kynningar- og umræðufundur um gerð þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 samkvæmt svæðisskipulagi.

**NPA samningar:** Upplýsingafundur um innleiðingu NPA og stöðu mála.

**Stafræn þjónusta sveitarfélaga:** Kynningar- og umræðufundur um stafræna þjónustu sveitarfélaganna og sameiginleg verkefni þeirra hvað þetta varðar.

**Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins:** Kynningar- og umræðufundur um skýrslu Environice um kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins.

**Tillögur starfshóps um stjórnarsýslu byggðasamlaganna:** Kynning á tillögum starfshóps um áframhald verkefnis um stjórnarsýslu byggðasamlaganna, en nánar er fjallað um það verkefni í sérstökum kafla um byggðasamlögin.

**Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins:** Kynning á stöðu verkefnis um sameiginlega áfangastaða- og markaðsstofu fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

**Staða barna með fjölþættan vanda:** Kynning á skýrslu stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda.

**Grænbók um samgöngumál:** Umræðu- og kynningarfundur um grænbók um samgöngumál.

**Samþætting þjónustu í þágu barna – farsældarlögin:** Kynningar- og umræðufundur um ætluð áhrif af innleiðingu farsældarlaganna.

**Rekstur almenningsgangna – Áfangaskýrsla:** Kynningar- og umræðufundur um nýja áfangaskýrslu um drög að rekstraráætlun nýs leiðanets, þ.m.t. Borgarlínu.

**Í átt að hringrásarhagkerfinu:** Kynningar- og umræðufundur um breytta úrgangsstjórnun sveitarfélaga, verkefni framundan við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og hlutverk og verkefni Sorpu vegna markmiða um hringrásarhagkerfi.

**Byggðasamlögin:** Kynningar á fjárhagsáætlunum Sorpu bs., Strætó bs., og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

**Áskoranir í rekstri leikskóla á höfuðborgarsvæðinu:** Kynningar- og umræðufundur um málefni leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og helstu áskoranir í rekstri þeirra.

## 2022

**Efst á baugi:** Kynningar- og umræðufundur um þau málefni sem eru efst á baugi hjá SSH.

**Samtal SSH og þingmanna höfuðborgarsvæðisins:** Samtalsfundur kjörinna fulltrúa. Til umræðu voru umhverfismál, málefni fatlaðs fólks og staða Samgöngusáttmálans.

**Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið:** Kynningar- og umræðufundur um áfangastaðaáætlun sem er hluti verkefnis um undirbúning stofnunar Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

**Þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:** Kynningar- og umræðufundur um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

**Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins:** Kynningar- og umræðufundur um helstu þætti verkefnis um undirbúning stofnunar Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

**Stjórnsýsla byggðasamlaganna:** Kynningar- og umræðufundur um verkefni um stjórnsýslu byggðasamlaganna.

**Samtal SSH og þingmanna höfuðborgarsvæðisins:** Samtalsfundur kjörinna fulltrúa. Til umræðu voru menntamál, almenningsamgöngur og málefni fatlaðs fólks.

## Ný heimasíða

Samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021, sem kynnt var á aðalfundi samtakanna hinn 13. nóvember 2020, var eitt af markmiðum starfsins það árið að efla enn frekar samskiptaverkfæri SSH, svo sem heimasíðu samtakanna. Sumarið 2021 var gengið til samninga við Sjá ehf., sem tók að sér að vinna þarfagreiningu og kröfulýsingu vegna nýrrar heimasíðu. Undirbúningsvinna var nokkuð umfangsmikil og tók m.a. til funda með starfsfólki SSH, notendaviðtala við íbúa og kjörna fulltrúa og gerðar og úrvinnslu netkönnunar.

Í kjölfarið var verðfyrirspurn ásamt þarfa- og kerfislýsingu send út til þriggja fyrirtækja á þessu sviði. Starfsfólk SSH átti í kjölfarið, ásamt ráðgjafa Sjá ehf., fundi með fulltrúum fyrirtækjanna, en niðurstaða þeirrar vinnu var sú að gengið var til samninga við Stefnu ehf.

Samningar við Stefnu ehf. um gerð nýrrar heimasíðu voru undirritaðir í apríl 2022 og í framhaldi hefur, með samstarfi starfsfólks SSH og Stefnu ehf. verið unnið að mótun og uppsetningu nýrrar heimasíðu SSH.

Mun ný heimasíða fara í loftið á næstu vikum og er þess vænt að með henni verði upplýsingar um verkefni SSH svo og ýmsa tölfræði er varðar höfuðborgarsvæðið aðgengilegri fyrir notendur síðunnar.

## Samstarfs- og verkefnahópar

Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. einkennst af starfi ýmissa samstarfs- og verkefnahópa og nefnda sem unnið hafa á vettvangi SSH. Þessir hópar eru ýmist viðvarandi eða settir á laggirnar til að takast á við tímabundin verkefni.



### Formlegar nefndir

**Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins:** Svæðisskipulagsnefndin byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð tveim fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi og tveimur til vara.

**Skólamálanefnd SSH:** Nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósarhreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

**Stefnuráð byggðasamlaganna:** Stefnuráð starfar á grundvelli viðauka við stofnsamþykktir Strætó bs. og Sorpu bs. og er skipað 21 fulltrúa, þremur frá hverju sveitarfélagi utan Reykjavíkur og fimm frá Reykjavík.

**Stefnuráð áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins:** Stefnuráð starfar á grundvelli samnings um undirbúning stofnunar áfangastaðastofu og er skipað 21 fulltrúa, tveimur frá hverju sveitarfélagi utan Reykjavíkur, þremur frá Reykjavík og átta frá fyrirtækjum í ferðaþjónustu eða samtökum þeirra.

### Viðvarandi samstarfshópar

Samráðshópur á sviði velferðarmála  
Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu  
Fagráð svæðisskipulags

## Stjórnir, nefndir og hópar

vegna verkefna sem SSH taka þátt í og forsvaraðilar þeirra:

Almenningssamgöngur -Innviðaráðuneytið

Áfangastaðastofa -SSH

Betri samgöngur (stjórn)

Faghópur leiðarkerfis Stætó -Strætó bs.

Fjölsmiðjan (stjórn)

Hringrásargarður á Álfsnesi - Reykjavíkurborg

Höfuðborgarstefna - Innviðaráðuneytið

Lyklafellslína -Landsnet

Norræn ráðherranefnd um byggðaþróun - Innviðaráðuneytið

Skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga - Samband íslenskra sveitarfélaga

Sóknaráætlun - Tæknihópur um úrgangsmál -SSH

Sóknaráætlun - Loftlagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið -SSH

Sóknaráætlun - Úthlutun styrkja úr Sóley -SSH

Sóknaráætlun - Forvarnir og geðrækt hjá unglingum - SSH

Starfshópur um húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga - Forsætisráðuneytið

Stýrihópur um loftgæði á Íslandi - Umhverfisráðuneytið

Sundabraut - Vegagerðin

Umbætur á húsnæðismarkaði - Forsætisráðuneytið

Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar - Reykjavíkurborg

Uppbygging skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins -SSH



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar